

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. október 2017
2017090024/42-8
TB
tb

Umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um mögulega virkjun á vatnasviði efsta hluta Stóru-Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 19. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um mögulega virkjun á vatnasviði efsta hluta Stóru-Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sótt er um endurnýjun á núverandi rannsóknaleyfi til ársins 2023 en um er að ræða stærra svæði en áður.

Í gögnum málsins kemur fram að verkefnisstjórn 3. áfanga leggur til að framangreind virkjunarhugmynd fari biðflokk sem að öllu jöfnu þýðir að ekki fyrirleggja nægar upplýsingar/rannsóknir til að meta t.d. verndargildi svæðisins eða það hefur ekki farið fram. Þar sem framangreint hefur verið lagt til telur Náttúrufræðistofnun að um umsókn Landsvirkjunar eigi að fara samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun þar sem segir: „Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfis skyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.“ Ennfremur telur Náttúrufræðistofnun að taka eigi fullt tillit til laga um náttúruvernd eftir því sem við á. Að teknu tilliti til þessa leggst Náttúrufræðistofnun fyrir sitt leiti ekki gegn því að umbeðið rannsóknaleyfi verði veitt.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

